

Hið hækkaða vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 1. janúar 1979 samkvæmt A-lið 2. gr. skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 1. janúar 1979 og af innfluttum vörum sem tekjar eru til tollmeðferðar frá og með 1. janúar 1979 eða ótollafgreiddar eru á þeim tíma, sbr. þó 5. málsgr. þessarar greinar.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. janúar 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m.a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., skal greiða hið hækkaða vörugjald sem gilda skal skv. A-lið 2. gr. frá og með 1. janúar 1979 nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok febrúarmánaðar.

#### 15. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækun verðs vörubirgða vegna hækunar sérstaks vörugjalds.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál.

#### 16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 217 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerð nr. 332 8. september 1978 um breyting á þeirri reglugerð.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1978.*

**Tómas Árnason.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*

## REGLUGERÐ um þinglýsingar.

### I. KAFLI

#### Um færslu dagbókar og móttöku þinglýsingarskjala.

##### 1. gr.

Við hvert embætti þar sem þinglýsing fer fram skal halda dagbók. Skal hún vera lausblaðabók í þríriti.

Í dagbók skal færa eftirtalin atriði varðandi þinglýsingarskjöl: 1) Hvaða dag skjal er móttekið til þinglýsingar; 2) útgefanda skjals; 3) réttihafa eða viðtakanda skjals; 4) tegund skjals; 5) hvaða eign skjal varði; 6) fjárhæð sem tilgreind er í skjali og ræður gjaldtöku; 7) hvort skjal er verðtryggt samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 71/1966; 8) þinglýsingarnúmer skjals.

Í þinglýsingardagbók skal eingöngu skrá þinglýsingarnúmer veðleyfa og/eða umboða fylgi þau aðalskjali.

**2. gr.**

Hvert skjal skal fært í dagbók sama dag og það berst þinglýsingardómara. Skjöl sem berast eftir afgreiðslutíma teljast afhent næsta dag. Hvern dag að lokinni færslu í dagbók skal þinglýsingardómari eða fulltrúi hans staðfesta með undirskrift sinni í dagbók að tilgreind skjöl hafi borist til þinglýsingar.

**3. gr.**

Öll skjöl sem færð eru í dagbók skal tölusetja með þinglýsingarnúmeri í óslitinni töluröð, fyrir hvert ár fyrir sig.

**4. gr.**

Dagbók skal þannig gerð að samrit hennar geti verið skrá er þinglýsingardómara ber að láta gera samkvæmt 3. mgr. 9. gr. þinglýsingarlaga. Á þá skrá skal þinglýsingardómari tilgreina hvenær skjal var fært í þinglýsingarbók og hvort það hafi verið innfært með athugasemd. Verði skjali ekki þinglýst skal tilgreina hvenær því er vísað frá.

**5. gr.**

Eitt samrit dagbókar skal senda ríkisendurskoðun. Á það eintak skal tilgreina gjald er þinglýsingarbeiðandi greiðir og númer kvittunar, er gefin er út fyrir gjaldinu.

**6. gr.**

Við móttöku þinglýsingarskjals skal frumrit skjals ásamt samriti, er þinglýsingardómari heldur eftir, áritað af þinglýsingardómara eða fulltrúa hans. Áritun skal fela í sér: 1) Viðurkenningu um viðtöku skjals; 2) móttökudag. Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingarbók, ritar þinglýsingardómari vottorð um þinglýsinguna á bæði eintök skjalsins. Sé skjali þinglýst með athugasemd skal hún skráð á bæði eintök skjalsins.

Ef þinglýsingarbeiðandi óskar eftir kvittun fyrir móttöku skjals, skal þinglýsingardómari gefa hana.

**7. gr.**

Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið. Skal skjalinu þá fylgja staðfesting skráningarvaldsmanns um að útgefandi skjalsins eða sá sem samþykkt hefur útgáfu þess, sé kráður eigandi bifreiðarinnar. Nú er þinglýsingardómari jafnframt skráningarvaldsmaður og er þá eigi þörf slíkrar staðfestingar.

**II. KAFLI.****Um vörslu þinglýsingarskjala, þinglýsingarpappír og þinglýsingarbækur.****8. gr.**

Þinglýsingarskjöl skal leggja í töluröð í skjalahylki eða möppur og geymast í læstum skjalaskápum samkvæmt nánari fyrirmælum frá dómsmálaráðuneyti.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylkinu og leggja það í skjala-safn þinglýsingardómara og geymast í töluröð.

Heimilt er dómsmálaráðuneytinu að ákveða annan geymslumáta fyrir einstök embætti.

Taka skal mynd af þinglýsingarskjölum á örskyggjur (mikrofilmur) í þeim umdæmum er dómsmálaráðuneytið ákveður.

## 9. gr.

Frá og með 1. janúar 1979 er heimilt að nota löggiltan skjalapappír að stærðinni A 4 samkvæmt íslenskum staðli nr. 1 um stærðir pappírs, jafnhliða nógildandi pappírsstærð.

Frá 1. janúar 1981 er einungis heimilt að nota pappírsstærðina A 4.

## 10. gr.

Þinglýsingardómarar skulu nota núverandi gerð þinglýsingarbóka þar til dómsmálaráðuneytið gefur fyriræli til einstakra embætta um annað.

## III. KAFLI.

## Gildistaka o. fl.

## 11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í þinglýsingarlögum nr. 39 frá 10. maí 1978, öðlast gildi 1. janúar 1979. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um löggiltan skjalapappír, veðmálábækur, tilheyrandi skrár o. fl. nr. 83 frá 27. desember 1928.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1978.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Þorleifur Pálsson.*

21. desember 1978.

Nr. 439.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð um réttindi til vinnu og meðferðar á vinnuvélum nr. 121 5. september 1967.**

## 1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sá einn getur öðlast réttindi til að vinna með vinnuvélum þeim sem um getur í 1. gr., sem orðinn er fullra 17 ára, hefur nægilega góða sjón og heyrn og næga andlega og líkamlega hreysti, samkvæmt læknisvottorði og að mati öryggismálastjóra, hefur sótt námskeið öryggiseftirlitsins í meðferð vinnuvéla og staðist hefur próf, sem sýni hæfni hans og kunnáttu í meðferð slíkra tækja, samkvæmt 4. gr.

## 2. gr.

3. gr. orðist svo:

Sá, sem óskar að ganga undir próf til að sýna kunnáttu sína í að vinna með tækjum þeim, sem reglugerð þessi nær til, skal senda skriflega umsókn um prófun til öryggiseftirlits ríkisins.

Umsókninni skulu fylgja:

- a. Vottorð um að umsækjandi hafi lokið þátttöku í námskeiði öryggiseftirlitsins í meðferð vinnuvéla og að hann hafi notið kennslu í meðferð og vinnu með vinnuvélum frá manni, sem rétt hefur til að kenna að vinna með slíkum tækjum samkvæmt 5. gr.
- b. Læknisvottorð um sjón og heyrn umsækjanda og um andlega og líkamlega hreysti hans.